

Fimmtudaginn 6. júní 1996.

Nr. 128/1996.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)
gegn

X

(Atli Gíslason hrl.)

Áfrýjun. Sönnunarfærsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Ákærvaldið skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. mars 1996 samkvæmt 148. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 37/1994. Er þess krafist, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 1.567.326 krónur.

Af hálfu ákærða er þess aðallega krafist, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Komi til sakfellingar, er krafist vægustu refsingar, er lög leyfa, og skilorðsbindingar. Þá er krafist sýknu af bótakröfum.

Frávísunarkrafa ákærða er á því reist, að máli verði ekki áfrýjað í því skyni að fá endurskoðun á niðurstöðum, er byggjast á mati sönnunargildis munnlegs framburðar fyrir héraðsdómi, sbr. c-lið 147. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Ákærði hafi verið sýknaður á grundvelli slíks mats héraðsdómara.

Samkvæmt 4. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994, getur Hæstiréttur ekki endurmetið niðurstöðu héraðsdómara um sönnunargildi munnlegs framburðar, nema hlutaðeigandi vitni eða ákærði hafi gefið skýrslu þar fyrir dómi. Samkvæmt 5. mgr. sömu greinar getur Hæstiréttur, ef hann telur líkur fyrir, að niðurstaða héraðsdómara um sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi kunni að vera röng, svo að einhverju skipti um úrslit máls, fellt héraðsdóm úr gildi og mælt fyrir um nýja meðferð máls. Þær ástæður, sem ákærði tilgreinir, leiða þannig ekki til frávísunar málsins.

Eins og mál þetta liggur fyrir, þykja eigi efni til endurtekinnar sönnunarfærslu. Með hliðsjón af gögnum málsins í heild og skírskotun til 46. gr. laga nr. 19/1991 þykir rétt að staðfesta sakarmat héraðsdómara.

Samkvæmt þessu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur og áfrýjunarkostnaður lagður á ríkissjóð, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Atla Gíslasonar hæstaréttarlögmanns, 70.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 5. mars 1996.

Ár 1996, þriðjudaginn 5. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Péttri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 724/1996: Ákærvaldið gegn X, sem tekið var til dóms 28. febrúar sl.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 25. júlí sl., á hendur ákærða, X, Reykjavík, „fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 18. september 1994 í Tryggvagötu í Reykjavík við Naustkjallarann slegið Birnu Geirsdóttur, fædda 4. ágúst 1946, hnefahögg í andlit, svo að hún féll í götuna. Við þetta hlaut Birna skurðsár aftan við hægri eyra, brot í höfuðkúpubotn, skemmd í heilavef á vinstri gagnaugalappa og ennislappa, blæðingu inn í nefhol, munnhol og miðeyru, og heyrn á vinstra eyra minnkaði, en auk þess bólгнаði hún aftan á höfði hægri megin niður á kinn og marðist um augu.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar. Þá krefst nefnd Birna Geirsdóttir þess, að ákærði verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 1.567.326 krónur“.

Málavextir.

Aðfaranótt sunnudagsins 18. september 1994 sáu lögreglumenn, sem staddir voru í Tryggvagötu við veitingastofuna Naustkjallarann, hvar kona lá þar í götunni við gangstéttina. Var hún meðvitundarlaus, en blóðpollur við höfuð hennar. Áverkar voru á hnacka og blæddi úr munnviki. Var kallað á sjúkrabíl og konan, Birna Geirsdóttir, kt. 040846-4899, flutt á slysadeild

Borgarspítalans. Eiginmaður konunnar, Guðjón Ágúst Jónsson, kt. 290844-4529, var þarna hjá. Hann skýrði frá því, að annar maður, sem einnig var þarna, ákærði í málinu, hefði slegið þau hjón þæði og konan fallið í götuna. Lítils háttar blæddi úr kinn Guðjóns Ágústs, og kvað hann það vera eftir högg ákærða. Fram er komið, að fólk þetta muni hafa verið ölvað.

Í vottorði Kristins Guðmundssonar, yfirlæknis á heila- og taugaskurð-deild Borgarspítalans, segir, að konan hafi verið með höfuðverk og ógleði, þegar hún kom á deildina. Skurður hafi verið aftan á hægri eyra og þó nokkra bólgu verið að sjá yfir höfðinu þeim megin, niður á hægri kinn og kinnbein. Mar hafi verið í kringum bæði augu, en þó meira vinstra megin. Blóð hafi verið fyrir innan báðar hljóðhimnur, og á tölvusneiðmynd hafi sést „brot í höfuðkúpbotni hægri megin og sennilega þvert yfir höfuðkúpbotninn“.

Ákærði neitar því að hafa slegið Birnu Geirsdóttur hnefahögg í andlit. Kveður hann konuna hafa komið aftan að sér og gripið í sig um herðar. Kveðst hann þá hafa snúið sér snöggt við, og hafi konan við það fallið í götuna. Segist hann hafa verið að koma út úr Naustkjallaranum og verið um það bil að setjast inn í bíl, þegar þar hafi komið þar að (sic) og farið að tala um, að ákærði og fólk, sem með honum var, ætlaði að aka ölvað. Kveðst hann hafa svarað fólkinu fullum hálsi. Hann hafi verið með glas í hendi, sem maðurinn hafi slegið í og glasið brotnað. Þeir hafi þá farið að tuskast eitthvað og leikurinn borist aftur fyrir bilinn. Konan hafi þá komið aftan að sér að óvörum og fálmað í sig um axlir. Kveðst hann þá hafa snúið sér snöggt við og konan fallið í götuna. Ekki muni hann, hvort hann hafi rekið í hana öxlina eða handlegginn, þegar hann sneri sér við.

Vitnið Birna Geirsdóttir hefur skýrt frá því, að þau hjónin hafi verið að bíða eftir bíl við Naustkjallarann. Muni hún eftir einhverju fólki þarna fyrir utan, enda hafi fólk verið að tínast út úr veitingastofunni. Hún muni eftir því, að maður sinn hafi eitthvað skipt orðum við annað fólk þarna og kannski ekki í neinu góðu. Hún muni og eftir því að hafa staðið við ljósastaur og fengið högg beint á yfirandlit. Hún hafi opnað augun, eftir að hún féll í götuna. Hafi þá verið kominn sjúkrabíll og hún hugsað, að hún þyrfti nú ekkert á sjúkrabíl að halda. Hún neitar því að hafa komið aftan að manninum. Segist hún hafa staðið við ljósastaurinn, þegar hún fékk höggið í andlitið, og dottið við það. Kveðst hún ekki vita, hvort þetta högg hafi verið ætlað manni sínum eða sér.

Vitnið Guðjón Ágúst Jónsson kveður þau hjónin hafa verið búin að vera að skemmta sér í Naustkjallaranum fram á nóttina. Um kl. 3.15 hafi þau verið stödd á gangstétt við húsið rétt fyrir vestan veitingastofuna. Hafi þá

maður komið aðvífandi utan af götunni út úr bíl, að því er vitninu fannst, og sagt við sig: „Skolli hefurðu náð þér í ljóta eiginkonu!“ Kveðst Guðjón Ágúst hafa tekið þessu illa og þeir umsvifalaust farið að skiptast á höggum. Kveðst hann telja, að hann hafi sjálfur slegið fyrsta höggið, en maðurinn svo slegið til sín. Hafi það högg komið á kinn sér, og hafi hann rispast eftir hring, sem maðurinn var með á hendi. Þegar maðurinn hafi gert sig líklegan til að slá aftur, kveðst hann hafa skotist bak við ljósastaur, sem er þarna við gangstéttarbrúnina. Hafi högg mannsins því ekki lent á sér, heldur á Birnu, sem stóð að baki sér. Hann hafi þó ekki séð höggið lenda á Birnu, en heyrt þegar hún skall til jarðar. Hafi hún legið í öngviti í götunni og blætt úr höfði hennar. Hann kveðst ekki muna eftir því, að ákærði hafi verið með glas í hendinni.

Vitnið Sigurður Hafsteinsson hafði verið að leika á hljóðfæri í Naustkjallaranum þetta kvöld. Kveðst hann hafa staðið við glugga og horft út, eftir að samkomunni var slitið. Hafi hann þá séð, hvar ýfingar og handalög-mál urðu með tveimur karlmönnum fyrir utan. Annar þeirra, sem hafði verið að áreita hinn, hafi hlaupið á undan hinum, sem hafi verið ákærði. Kona hafi verið þarna og blandað sér í þetta og farið á eftir ákærða og fálmað í hann aftan frá. Ákærði hafi þá snúið sér við og slegið konuna hnefahögg í andlit. Kveðst Sigurður hafa haft nokkuð góða yfirsýn yfir þetta úr glugganum, og hafi hann verið allsgáður. Segir vitnið, að hann hafi staðið við annan eða þriðja glugga frá horninu. Engir bílar hafi verið þarna, sem hefðu getað skyggt á, en rökkur hafi verið og smá-suddi. Hann segir það vera alveg óhugsandi, að höggið hafi verið ætlað manninum, enda hafi hann verið á hlaupum undan ákærða, en konan á eftir ákærða. Ekki hafi verið margt fólk þarna, en þó einhver slæðingur, sem hafi verið að tínast burt úr skemmtistaðnum. Hann giskar á, að um 30 metrar hafi verið frá glugganum, sem hann stóð við, og að staðnum, þar sem konan var slegin.

Meðal gagna málsins er skýrsla Óskars Sigurðssonar rannsóknarlögreglu-manns, sem hann ritaði 17. maí sl., um símtal við Stefán Atla Gautsson, kt. 161067-547, en hann er kunnugur Birnu og manni hennar og talinn hafa verið sjónarvottur að atburðunum við Naustkjallarann. Eru þar höfð eftir Stefáni Atla þessi orð: „Sló kallinn Birnu beint á kjaftinn.“ Stefán Atli hefur ekki náðst fyrir dóm, þar sem hann dvelst erlendis, en rannsóknarlögreglumaðurinn hefur komið fyrir dóm og staðfest þessa skýrslu. Skýrsla þessi getur þó ekki talist vitnaskýrsla í skilningi 3. mgr. 48. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, og verður dómur ekki reistur á henni, sbr. 1. mgr. greinarinnar.

Niðurstaða.

Mikið ber á milli ákærða og vitna í málinu, og eins ber talsvert á milli vitnisins Sigurðar Hafsteinssonar og hjónanna um aðdraganda hins ætlaða höggs, en um það atriði hefur framburður ákærða stoð af skýrslu Sigurðar. Er Sigurður eina vitnið, sem ótvírætt ber að hafa séð ákærða slá Birnu hnefahögg í andlitið. Verður ekki talið sannað gegn neitun ákærða, að hann hafi slegið hana hnefahögg í andlit og þannig valdið áverkanum á henni með vísvitandi líkamsárás. Ber því að sýkna hann af ákærinni, en eins og hún er úr garði gerð, koma önnur brot ekki til álita.

Leggja ber allan sakarkostnað á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun Atla Gíslasonar hrl., 50.000 krónur.

Skaðabótakröfu Birnu Geirsdóttur er vísað frá dómi.

D ó m s o r ð:

Ákærði, X, er sýkn af ákæru í máli þessu.

Sakarkostnaður allur greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun Atla Gíslasonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.